

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 293/2014

2015/EES/71/40

frá 12. desember 2014

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 316/2014 frá 21. desember 2014 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum samninga um tækniyfirfærslu ⁽¹⁾.
- 2) XIV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Texti 5. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2004) í XIV. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 R 0316**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 316/2014 frá 21. desember 2014 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum samninga um tækniyfirfærslu (Stjtíð. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 17).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir.

- a) Í 1. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi orð við á eftir orðunum „samkvæmt 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“: „eða samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 29. gr. II. kafla í I. hluta bókar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.
- b) Í 2. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi orð við á eftir orðunum „samkvæmt 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“: „eða samsvarandi ákvæði í 2. mgr. 29. gr. II. kafla í I. hluta bókar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.
- c) Eftirfarandi bætist við í lok 7. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst yfir í tilmælum að taki samhliða net svipaðra samninga um tæknilega yfirfærslu til meira en 50% viðkomandi markaðar í EFTA-ríkjunum, skuli reglugerð þessi ekki gilda um samninga um tæknilega yfirfærslu sem hafa að geyma sértækar takmarkanir er varða þann markað.“

Tilmælum samkvæmt 1. mgr. skal beint til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Öll EFTA-ríki, sem tilmælum samkvæmt 1. mgr. er beint til, skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvort þau samþykki tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra. Ef þessi þriggja mánaða frestur liður án þess að svar berist skal túlka það sem samþykki EFTA-ríkisins sem sendir ekki svar.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, samþykkir tilmælin eða sendir ekki svar áður en fresturinn er liðinn skal því skylt að hrinda tilmælunum í framkvæmd innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn að það samþykki ekki tilmælin skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna framkvæmdastjórninni það svar. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála afstöðu EFTA-ríkisins gilda ákvæði 2. mgr. 92. gr. samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um beitingu þessa ákvæðis.

Taki samhliða net svipaðra samninga um tæknilega yfirfærslu til meira en 50% viðkomandi markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafð samvinnu með það fyrir augum að

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 17.

samþykkja mismunandi ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar tvær eru sammála um viðkomandi markað og að rétt sé að gera ráðstafanir í samræmi við þetta ákvæði skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð sem beint er til aðildarríkja EB og Eftirlitsstofnun EFTA efnislega samhljóða tilmæli sem beint er til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað.^(*)

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 316/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.